



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2019

Fullyrðingar Töruþrix um virkni vöru

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Töruþrix ehf., dags. 15. október 2018, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga í auglýsingu á vegum félagsins. Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 5.gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með bréfinu var farið fram á að Töruþrix færði sönnur fyrir eftirfarandi fullyrðingum í markaðssetningu félagsins á vörunni Golden Goddess andlits serum:

„Fullt af góðum náttúrulegum efnum.

Gefur húðinni raka og næringu.

Vinnur gegn bólum, roða, þrota og óþægindum í húð.

Heldur húðinni ferskri, minnkar fínar hrukkulínur og styrkir húðina.

Hreinsandi eiginleikar, minnkar svitaholur og endurnýjar húðina.

24karata gullagnir sem gefur húðinni ljóma.

Lagar roða.

Minnkar dökka bletti í húð.“

Engin svör bárust Neytendastofu.

2.

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2018, ítrekaði Neytendastofa beiðni sína um að Töruþrix færði sönnur fyrir fyrrgreindum fullyrðingum auk skýringa og athugasemda. Var þess óskað að svör bærust stofnuninni innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins. Bærisk ekki svar innan þess tíma mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Engin svör bárust Neytendastofu.



3.

Með bréfi, dags. 26. nóvember 2018, var Töruþrix tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu og stofnunin myndi því taka ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þann 5. desember 2018 barst Neytendastofu tölvupóstur frá Töruþrix þar sem fram komu upplýsingar um öryggisatriði vörunnar frá framleiðanda í Kína. (Material Safety Data Sheet)

Með tölvupósti, dags. 7. desember 2018, ítrekaði Neytendastofa enn á ný beiðni sína um að Töruþrix færði sönnur fyrir umræddum fullyrðingum um virkni vörunnar og óskaði eftir frekari gögnum.

4.

Þann 13. desember 2018 barst Neytendastofu tölvupóstur frá Töruþrix þar sem í viðhengi var að finna skjal sem útlistaði þau áhrif sem tiltekin innihaldsefni vörunnar gætu haft.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. desember 2018, var Töruþrix tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst vegna fullyrðingar í auglýsingum Töruþrix um virkni vörunnar Golden Goddess andlits serum. Óskaði stofnunin eftir því að félagið færði sönnur á þær fullyrðingum sem birtar höfðu verið um virkni vörunnar.

Í svörum Töruþrix komu fram upplýsingar um öryggisatriði vörunnar sem og möguleg áhrif sem tiltekin innihaldsefni hennar gætu haft.

2.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.



Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa meggi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Fyrir liggur að Töruþrix hefur í auglýsingum á vegum félagsins fullyrt að varan Golden Goddess andlits serum hafi eftirfarandi virkni:

*„Fullt af góðum náttúrulegum efnum.
Gefur húðinni raka og næringu.
Vinnur gegn bólum, roða, þrota og óþægindum í húð.
Heldur húðinni ferskri, minnkar fínar hrukkulínur og styrkir húðina.“*



*Hreinsandi eiginleikar, minnkar svitaholur og endurnýjar húðina.
24karata gullagnir sem gefur húðinni ljóma.
Lagar roða.
Minnkar dökka bletti í húð.“*

Við meðferð málsins hefur Töruþrix í fyrsta lagi lagt fram gögn er varða öryggisatriði vörunnar frá framleiðanda þess í Kína (Material Safety Data Sheet). Í umræddum gögnum má finna atriði er varða m.a. samsetningu og innihald vörunnar, eldhættu, örugga meðhöndlun og geymslu hennar. Þar kemur þó ekkert fram um virkni vörunnar. Í öðru lagi sendi Töruþrix gögn þar sem finna mátti ýmsar fullyrðingar um virkni innihaldsefna varanna. Þar er m.a. vísað til notkunar innihaldsefnanna í aldagömlum kínverskum og indverskum lækningum. Ekkert kemur þar fram um rannsóknir eða annað sem rennt gætu stöðum undir umræddar fullyrðingar.

Í svörum Töruþrix og þeim gögnum sem fylgdu er ekki að finna fullnægjandi sönnun fyrir umræddum fullyrðingum. Ofangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytanda. Töruþrix hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra í markaðssetningu félagsins.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Töruþrix ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til fyrirtækisins að fjarlægja þær auglýsingar sem innihalda ofangreindar fullyrðingar af þeim samfélagsmiðlum þar sem fullyrðingunum hefur verið komið á framfæri.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Töruþrix ehf., Tunguvegi 72, hefur með birtingu fullyrðinganna „Fullt af góðum náttúrulegum efnum. Gefur húðinni raka og næringu. Vinnur gegn bólum, roða, þrota og óþægindum í húð. Heldur húðinni ferskri, minnkar fínar hrukkulínur og styrkir húðina. Hreinsandi eiginleikar, minnkar svitaholur og endurnýjar húðina. 24karata gullagnir sem gefur húðinni ljóma. Lagar roða. Minnkar dökka bletti í húð“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.



Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Töruþrix ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 11. janúar 2019

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir